



## Fundargerð 76. fundar dómara nefndar SSÍ þriðjudaginn 09. Janúar 2018

**Mættir:** Hilmar Ö. Jónasson, Sigurður Ó. Guðmundsson, Hilmar T. Björgvinsson  
Bryndís Sigurðardóttir, Björn Valdimarsson og Viktoría Gísladóttir

**Boðuð forföll:** Lilja Ósk Björnsdóttir

**Fundur settur kl. 17:40**

### 1. Sundmót næstu misseri

- a. RIG 2018 verður haldið 26-28 janúar og mun Jón Hjaltason halda utanum dómarskráningnar mótsins.
- b. Gullmót KR 2018 verður haldið 9-11 febrúar, hefur stjórn sundd. KR leitað til Björns Valdimarssonar varðandi utanumhald um dómaramál ofl. tengdu mótshaldinu.

### 2. Dómara námskeið á vonönn í tengslum við sundmót

- a. Gullmót KR dags. 7. Febrúar 2018 í Pálsstofu, Laugardalslaug, Reykjavík.
- b. Fjölnismótið dags. 1. Mars 2018 í Pálsstofu, Laugardalslaug, Reykjavík.
- c. SH Mót dags. 4. Apríl 2018 í fundarsal Ásvallalaugar, Hafnarfirði.
- d. Landsb.mót ÍRB dags. 9. Maí 2018 staðsetning auglýst síðar.

**Alltaf er möguleiki að setja upp námskeið fyrir félög ef þess er óskað sérstaklega og næg þátttaka næst til námskeiðishalds.**

### 3. Umsókn Sigurþórs Sævarssonar til starfa í dómara nefnd

Dómara nefnd mælir með umsókn Sigurþórs til starfa í dómara nefnd og vísar henni til nánari meðferðar í stjórn SSÍ

### 4. Önnur mál

- a. Jón Hjaltason fékk senda beiðni frá Rókur í Jákupsstofu í Færeyjum um að mæla með einum yfirdómara og einum ræsir sem eru á lista FINA #18 eða #19 til að starfa á Færeyska aldurflokka meistaramóti sem haldið verður 10-12 maí 2018. Jón mælti með Viktoríu Gísladóttur yfirdómara á lista #19 og Ásmundi Jónssyni ræsir á lista #18 til verkefnissins og gáfu þau kost á sér í verkefnið.
- b. Sigurður Óli tilkynnti um 5 dómara nema sem hafa uppfyllt púntastöðu sína. Hafa þeir dómara verið færðir inná lista sem almennir dómara. Einnig hefur dómara skjal verið uppfært og er það sent hér sem viðhengi til samþykktar og birtingar á heimasíðu SSÍ
- c. Tekið hefur verið eftir því að fundargerð 74 frá því í október 2017 sem send var í tölvupósti 5. desember sl hefur ekki verið staðfest af stjórn SSÍ.

*Næsti fundur verður haldin 29. Janúar 2018*

**Fundi slitið kl 18:30**